

Fundargerð

Árið 2026, föstudaginn 27. febrúar kl. 10:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir og Hörður Hilmarsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuð: Theódóra S. Þorsteinsdóttir.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð

30. janúar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð frá 30. janúar 2026.

Fundargerð frá 30. janúar 2026 var samþykkt án athugasemda.

2. Áætlaðir fundir á árinu 2026

Farið var yfir áætlaða fundi á árinu 2026, fundarboð verða send með nýjum dagsetningum fyrir fundi í maí og júní.

3. Starfsreglur ráðgjafarnefndar

Lögð voru fram til upplýsinga og yfirlstrar lokadrög að nýjum starfsreglum ráðgjafarnefndar.

4. Framlög til Landshlutasamtaka sveitarfélaga

Tillaga að úthlutun vegna sóknaráætlana 2026

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. febrúar 2026, varðandi sóknaráætlanir landshluta 2026. Allt frá árinu 2012 hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komið að greiðslu framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra í verkefninu sóknaráætlanir landshluta. Framlöggin eru veitt á grundvelli f. liðar 10. gr., sbr. 11. gr. reglugerðar 1536/2025 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Framlaginu er ætlað að koma til móts við kostnað samtakanna vegna ferðalaga og fundarhalda um framkvæmd verkefnisins bæði innan landshluta og í samskiptum við önnur landshlutasamtök og stjórnvöld á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði til að við útreikning framlagsins yrði tekið mið af hækkun neysluverðsvisitölu og launavísitölu fyrir árið 2025. Myndi framlagið fyrir 2026 þá vera tæpar 53,6 m.kr. sem er hækkun um tæpar 2 m.kr. miðað við árið 2025.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag að fjárhæð 53,6 m.kr. vegna samstarfsverkefna landshlutasamtaka sveitarfélaga árið 2026.

5. Sameining sveitarfélaga

Kaldrananeshreppur og Árneshreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Samstarfsnefndar Kaldrananeshrepps og Árneshrepps, dags. 13. febrúar 2026, þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði við sameiningarviðræður og kosningar um tillögu að sameiningu sveitarfélaganna.

Samkvæmt framlagðri kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að kostnaður við verkefnið nemi 18,3 m.kr. Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum í ágúst 2025 að leggja til við ráðherra að veitt yrði framlag að fjárhæð 9,8 m.kr. vegna könnunarviðræðna. Er því sótt um mismuninn þar á þ.e. framlag að fjárhæð 8,5 m.kr.

Í samræmi við vinnureglur sjóðsins er gert ráð fyrir því að kostnaður vegna könnunarviðræðna, kynningar á sameiningartillögu og framkvæmdar atkvæðagreiðslu geti numið allt að 19,9 m.kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu að framlagi vegna sameiningar til Kaldrananeshrepps og Árneshrepps að fjárhæð 8,5 m.kr.

YFIRFÆRSLA MÁLAFLOKKS FATLAÐS FÓLKIS

6. Notendastýrð persónuleg aðstoð

Langtímaveikindi 2025

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. febrúar 2026, varðandi framlög vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks á árinu 2025.

Þann 1. desember sl. var þjónustusvæðunum sendur tölvupóstur þar sem óskað var eftir umsóknum vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks sem varað hafa í 30 daga eða lengur á árinu 2025. Alls sóttu

átta þjónustusvæði um framlög og nam heildar kostnaðurinn 26.493.092 kr. Hluti Jöfnunarsjóðs með 25% kostnaðarþátttöku nemur 6.623.273 kr. sem samþykkt var á fundi ráðgjafarnefndar þann 30. janúar sl.

Þann 11. febrúar sl. barst erindi frá Reykjanesbæ þar sem óskað er eftir efnislegri meðferð á umsókn vegna langtímaveikinda starfsmanns á tímabilinu 1. október – 31. desember 2025. Samtals er launakostnaður vegna langtímaveikindanna að fjárhæð 1.024.858 kr. Hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þessa langtímaveikinda aðstoðarfólks NPA nemur því að fjárhæð 256.214 kr.

Skv. 20. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega þjónustu er gert ráð fyrir að þjónustusvæði reikni 1% til viðbótar ofan á heildarsamningsfjárhæðina sem lagt er inn í Jöfnunarsjóð til að standa straum af kostnaði vegna langtímaveikinda. Líkt og frá árinu 2019 hefur aðeins ríkishlutinn verið fjármagnaður og lagður inn í Jöfnunarsjóð. Kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs er sú sama og í NPA samningunum sjálfum eða 25%.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag til Reykjanesbæjar að fjárhæð 256.214 kr.

7. Ársreikningur Fasteignasjóðs 2024

Lagður var fram til kynningar ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs gerði grein fyrir einstökum tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi.

8. Rekstraruppgjör sveitarfélaga og þjónustusvæða 2025

Frá upphafi yfirfærslu á málaflokki fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 hefur Jöfnunarsjóður haft umsjón með framkvæmd árlegs fjárhagslegs uppgjörs á rekstri málaflokksins hjá sveitarfélögum og þjónustusvæðum.

Til umræðu var hvort sjóðurinn ætti að standa að sambærilegu uppgjóri vegna ársins 2025 og lagði ráðgjafarnefndin til að slíkt uppgjör fari fram vegna ársins 2025.

9. Fasteignasjóður

Úrbætur í aðgengismálum

Kópavogsbær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Kópavogsbæjar, dags. 15. desember 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna fjölmargra framkvæmda víðs vegar í sveitarfélaginu. Farið var í úrbætur við leikskóla, grunnskóla og leiksvæði. Úrbæturnar voru m.a. að koma fyrir snjóbræðslu og hellum á leiksvæði, framkvæmdir við bílastæði fyrir fatlað fólk og bæta aðgengi að leiksvæðum í borgarlandi. Sótt er um framlagið á grundvelli a. og b. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs.

Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 72.111.497 kr.

Framlög vegna úrbóta í aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna nr. 280/2021. Kópavogsbær hefur ekki sótt um framlag áður á tímabilinu 2025-2026. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. gr. er miðað við að heildarframlög til Kópavogsbæjar geti numið 25.268.906 kr. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs vegna framkvæmdanna nema 36.055.749 kr. sem er hærri en framlag tímabilsins.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja hámarksframlag að fjárhæð 25.268.906 kr. til Kópavogsbæjar vegna framkvæmdanna.

Seltjarnarnes

Á fundi ráðgjafarnefndar þann 12. desember sl. var lögð fram umsókn frá Seltjarnarnesi vegna úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks. Að umfjöllun lokinni var ákveðið að fresta afgreiðslu og var starfsmanni falið að vinna málið áfram í samstarfi við sveitarfélagið. Nú hefur borist endurbætt umsókn frá Seltjarnarnesi, í samræmi við leiðbeiningar starfsmanns Jöfnunarsjóðs og ÖBÍ.

Farið var í úrbætur við grunnskóla sveitarfélagsins, m.a. með uppsetningu á upphituðum rampi, salerni fyrir fatlað fólk og aðgengi innanhús bætt. Við Tónlistarskólann var einnig útbúinn upphitaður rampur við inngang. Á göngustígum og stéttum sveitarfélagsins var farið í niðurtektir

á götuköntum. Einnig var farið í úrbætur á leiksvæðum til að bæta aðgengi fatlaðs fólks að svæðinu, sums staðar voru keypt leiktæki frá Krummu sem eru einnig ætluð fötluðu fólki.

Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 32.229.079 kr.

Seltjarnarnes sækir um á grundvelli a. og b. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Seltjarnarness á tímabilinu 2025-2026 geti numið 6.442.059 kr.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema rúmum 16 m.kr. sem er hærra en framlag tímabilsins er.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja hámarksframlag að fjárhæð 6.442.059 kr. til Seltjarnarnesbæjar vegna framkvæmdanna.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 10:48.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Friðjón Einarsson

Dan Jens Brynjarsson

Hrund Pétursdóttir

Hörður Hilmarsson